

Gróður á fyrirhuguðu  
efnislosunarsvæði milli  
Lagarfoss og Ekru

Guðrún Á. Jónsdóttir

Unnið fyrir RARIK

## Efnisyfirlit

INNGANGUR .....	2
GAGNASÖFNUN .....	2
NIÐURSTÖÐUR.....	3
Gilið.....	3
Aðliggjandi svæði.....	3
TEGUNDIR.....	3
UMRÆÐA .....	4
HEIMILDIR.....	4

VIÐAUKI - Tegundalisti

## Inngangur

Að beiðni RARIK var gróður skoðaður á svæði því sem fyrirhugað er að nota til að farga eða geyma efni sem til fellur vegna vinnu við stækkun Lagarfossvirkjunar. Í þessari skýrslu er gróðri lýst, gerð grein fyrir helstu gróðurlendum og tegundum plantna á svæðinu. Einnig er gerð grein fyrir hvort gróðurlendi teljist sérlega verðmæt eða sérstök og hvort fundist hafi sjaldgæfar tegundir á svæðunum.

## Gagnasöfnun

Svæðið sem um ræðir er slakki eða lítið gil stutt fyrir austan Lagarfoss, neðan þjóðveggar frá Lagarfossvirkjun út í Hjaltastaðabínghá. Gilið liggur gegnum bakka eða hjalla en neðan undir þessum hjalla er fremur flatur bakki Lagarfljótsins. Gilið er fremur grunnt efst (næst þjóðvegi) en dýpra og þrengra neðar. Gróður var skoðaður 20. júlí 2005 í góðu veðri og við góðar aðstæður. Við gróðurskoðun voru skráðar plöntutegundir og almennar lýsingar á

gróðurfari og helstu gróðurlendi afmörkuð á loftmynd. Þessi skýrsla byggir á þeirri athugun. Við vettvangsvinnu unnu Birna Guttormsdóttir og Guðrún A. Jónsdóttir. Sigurður Jónsson við Lagarfoss vísaði á svæðið.



Mynd 1 Yfirlitskort.

## Niðurstöður


### Gilið

Gróðurlendi í giliinu eru töluvert fjölbreytt miðað við hvað svæðið er lítið. Mýrarlendi er í gilbotninum, graslendisræmur og mólendi eru í gilbrekkum. Mýrlendið er ýmist allblaut mýri með mýrastör, vetrarkvíðastör og tjarnastör eða minna blaut runnamýri með fjalldrapa. Mýrlendisræman í giliinu tengist mýrlendinu á bakkanum neðan hjallans. Gróðurþekja gilsins er samfelld að mestu.

### Aðliggjandi svæði

Vestan við gilið sem til skoðunar er gömul náma og er gróður þar gisin en nokkrar tegundir plantna vaxa þó á stangli víðast hvar um gamla námsvæðið. Það eru einkum blómplöntur og grös. Gróðurþekja er þó lítil á námusvæðinu.

Vestan við námasvæðið er mólendi. Austan við gilið er túnrækt eða flag sem væntanlega hefur verið sáð í á þessu vori. Á brún hjallans sem gilið sker sig í gegnum er melrönd bæði austan og vestan við gilið en neðan undir er hjallanum er töluverð gróðurrama niður að fljótinu. Nokkuð deiglent er á flatlendinu undir hjallanum og eru þar mýrar og hálfblautt mólendi. Einnig er mólendi og hálfblaut flög neðan í brekkum hjallans sem snúa niður að Lagarflijóti. Gróðurþekja er ósamfelld á melum í hjallabrúninni og einnig voru nokkur hálfgróin flög neðan í brekkum hjallans. Annars er gróðurþekja samfelld.



Mynd 2 Gróðurlendi á athugunarsvæðinu.

## Tegundir

Töluverð tegundafjölbreytni er á svæðinu miðað við hversu lítið það er. Alls voru skráðar í og við gilið 104 tegundir háplantna við vettvangsskoðun 20 júlí 2005. Ekki fundust tegundir sem eru friðlýstar eða á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996) en ein tegund sem telst fremur sjaldgæf, dökkasef fannst í flagi neðan í brekkunni neðan við gamla námusvæðið vestan við gilið. Dökkasef telst fremur sjaldgæft á landsvísu en er þó nokkuð algengt á Austurlandi og á Vestfjörðum.

## Umræða og ályktanir

Ekki fundust sjaldgæf eða sérstæð gróðurlendi á svæðinu sem til skoðunar var í gili við gamla námu austan við Lagarfoss. Gróðurlendi eru þó gróskumikil og snotur og fjölbreytni bæði gróðurlenda og tegunda töluverð. Votlendi er á svæðinu en votlendi teljast til verðmætra gróðurlenda á Íslandi þar sem mikið hefur gengið á þau á síðustu áratugum sbr. einnig 37. gr. laga um náttúruvernd (44/1999), sem kveður á um að leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en gefið er út framkvæmdaleyfi/byggingarleyfi til framkvæmdar sem hefur í för með sér röskun mýra eða flóa sem eru 3 hektarar að stærð eða stærri. Votlendi á skoðunarsvæði er gróskumikið en lítið og undir þessum mörkum sem miðað er við í lögunum. Fullgróið land verður einnig að teljast til verðmætra gróðurlenda á svo gróðurlitlu landi sem Ísland er.

Tegundafjölbreytni á svæðinu er töluvert mikil enda spannar það allfjölbreytt búsvæði. Mela, mólendi, votlendi, deiglendi, lækjarfarveg, árbakka, votlendi, flög og raskað land. Ekki er þó hægt að segja að svæðið hafi afgerandi sérstöðu hvað varðar tegundafjölbreytni. Ekki fundust tegundir sem eru friðlýstar eða á válista en ein fremur sjaldgæf tegund fannst sem þó er nokkuð algengt á Austurlandi.

## Heimildir

Hörður Kristinsson 1986. *Plöntubandbókin. Blómplöntur og byrkningar*. Íslensk náttúra II. Örn og Örlygur, Reykjavík.  
Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. *Válisti 1. Plöntur*. Reykjavík.  
Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1999044.html>

## 1. tegundalisti

Tegundir háplantna fundnar í og við gilið austan við námusvæðið milli Lagarfoss og Ekru  
20. júlí 2005 (Nafngiftir: Hörður Kristinsson 1986).

Íslenskt heiti	Latneskt heiti
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>
Axhæra	<i>Lužula spicata</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>
Bláklukka	<i>Campanula rotundifolia</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>
Broddstör	<i>Carex microglochin</i>
Bugðupunktur	<i>Deschampsia flexuosa</i>
Dökkasef	<i>Juncus castaneus</i>
Dýragras	<i>Gentiana nivalis</i>
Einir	<i>Juniperus communis</i>
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>
Fjalldalafífill	<i>Geum rivale</i>
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>
Flagasef	<i>Juncus biglumis</i>
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>
Geithvönn	<i>Angelica sylvestris</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Grávíðir	<i>Salix callicarpea</i>
Grávorblóm	<i>Draba incana</i>
Gullbrá	<i>Saxifraga hirculus</i>
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>
Gullvöndur	<i>Gentianella aurea</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>
Háliðagras	<i>Alopecurus pratensis</i>
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>
Hárleggjastör	<i>Carex capillaris</i>
Helluhnoðri	<i>Sedum acre</i>
Hjartarfi	<i>Capsella bursa-pastoris</i>
Hnappstör	<i>Carex capitata</i>
Hnúskakrækil	<i>Sagina nodosa</i>

Íslenskt heiti	Latneskt heiti
Hófsóley	<i>Caltha palustris</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Holurt	<i>Silene uniflora</i>
Horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>
Hrafnafífa	<i>Eriophorum scheuchzeri</i>
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymanii</i>
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>
Hrútaber	<i>Rubus saxatilis</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lækjadepla	<i>Veronica serpyllifolia</i>
Lambgras	<i>Silene acaulis</i>
Langkrækill	<i>Sagina saginoides</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>
Máriustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Mariuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>
Melablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>
Mýrasauðlaukur	<i>Triglochin palustre</i>
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>
Mýrasóley	<i>Parnassia palustris</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>
Mýrfjóra	<i>Viola palustris</i>
Naflagras	<i>Koenigia islandica</i>
Reyrgresi	<i>Hierochloa odorata</i>
Sérbýlisstör	<i>Carex dioica</i>
Skarífífill	<i>Leontodon autumnalis</i>
Skeggsandi	<i>Arenaria norvegica</i>
Skriðlíngrasi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Sortulyng	<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>
Tjarnastör	<i>Carex rostrata</i>
Túnfífill	<i>Taraxacum spp.</i>



<b>Íslenskt heiti</b>	<b>Latneskt heiti</b>
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>
Túnvingull	<i>Festuca richardsonii</i>
Undafíll	<i>Hieracium spp</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Varpasveifgras	<i>Poa annua</i>
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>
Vetrarkvíðastör	<i>Carex chordorrhiza</i>
Vorperla	<i>Erophila verna</i>
Ætihvönn	<i>Angelica archangelica</i>